

LÖG

um breytingu á lögum um bindandi álit í skattamálum, nr. 91/1998, með síðari breytingum (gildistími útgefina álita, hækkun gjalds).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Orðin „og viðkomandi skattyfirvalds“ í 1. málsl. 4. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

- a. 1. málsl. orðast svo: Ríkisskattstjóri skal leggja bindandi álit til grundvallar skattlagningu álitsbeiðanda.
- b. Við bætast tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Gildistími bindandi álita sem ríkisskattstjóri gefur út skv. 4. gr. er fimm ár. Hafi álitsbeiðandi ekki gert ráðstafanir sem fjallað er um í álitinu innan þess tíma fellur það niður.

3. gr.

Í stað „75.000 kr.“ í 2. málsl. 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: 150.000 kr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 16. maí 2019.

Guðni Th. Jóhannesson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.